

382. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 5. júní 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 15:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Jón Bjarki Jónatansson
 Michael Gluszuk
 Margrét Sif Sævars dóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn og gesti velkomna. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 22. lið erindi varðandi sameiningarmál á Snæfellsnesi og í Dalabyggð, og sem 23. lið bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, varðandi rekstrarleyfi. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrá.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.

Tillaga kom um Björn H Hilmarsson.
 Tillagan var samþykkt samhljóða.

2) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.

Tillaga kom um Michael Gluszuk sem fyrsta varaforseta og Júníönu Björgu Óttarsdóttur sem annan varaforseta.
 Tillagan samþykkt samhljóða.

3) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.

Tillaga kom um eftirfarandi:

aðalmenn	varamenn
Júníana Björg Óttarsdóttir	Björn H Hilmarsson
Auður Kjartansdóttir	Jón Bjarki Jónatansson
Fríða Sveinsdóttir	Margrét Sif Sævars dóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

4) Fundargerð 349. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 23. maí 2024.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 14. maí 2024.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6) Fundargerð 183. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 3. júní 2024.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

7) Fundargerð eigendafundar Heilbrigðisefstirlits Vesturlands, dags. 6. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

8) Fundargerð 189. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

9) Fundargerð 190. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 27. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

10) Fundargerð 222. fundar Breiðafjardarnefndar, dags. 18. mars 2024.

Lagt fram til kynningar.

- 11) Fundargerð 180. fundar stjórnar SSV, dags. 6. mars 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 12) Fundargerð 181. fundar stjórnar SSV, dags. 6. maí 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 13) Fundargerð 947. fundar stjórnar SÍS, dags. 19. apríl 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 14) Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. mars 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 15) Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 7. maí 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 16) Fundargerð aðalfundar Landskerfa bókasafna, dags. 7. maí 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 17) Fundarboð aðalfundar Félags- og skólapjónustu Snæfellinga, sem haldinn verður 3. júlí 2024.
Lagt fram til kynningar.
- 18) Bréf frá framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 28. maí 2024, varðandi tillögur ríkisins um breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.
Rætt var um tillögurnar sem komu fram.
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekur undir bókun stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023 og leggst gegn því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði ferd til ríkisins.
- 19) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 24. maí 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hótel Hellna ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV – A hótel, að Arnarfelli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Hótel Hellna ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV – A hótel að Arnarfelli á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 20) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 24. maí 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hótel Hellna ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV – A hótel, að Bárðarslóð á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Hótel Hellna ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV – A hótel að Bárðarslóð á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 21) Bréf frá SAMAN-hópnum, ódags., varðandi hvatningu til samveru fjölskyldunnar.
Lagt fram til kynningar.
- 22) Erindi frá SSV, dags. 30. maí 2024, varðandi hugsanlega sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi og í Dalabyggð.
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar telur ekki tímabært að fara í þá stóru sameiningu sem rætt er um í erindinu. Telur bæjarstjórn æskilegra, ef farið er í sameiningarviðræður, að þær séu teknar í smærri skrefum, eins og með sameiningu Stykkishólms og Helgafelssveitar árið 2022 og sameiningarviðræðum Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps 2021-2022. Bæjarstjórn telur að það auðveldi sameiningarferlið ef það er tekið í smærri skrefum.
Jafnframt telur bæjarstjórn að áður en farið yrði í viðræður um stóra sameiningu, eins og lögð er til í erindinu, þurfi að kanna vilja íbúa Snæfellsbæjar fyrir því.

- 23) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. júní 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Mas Café ehf. um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II – E kaffihús í Plássinu Laugarbrekku á Hellnum, Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Mas Café ehf. um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II – E kaffihús í Plássinu Laugarbrekku á Hellnum, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

24) Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.

Forseti bæjarstjórnar gerði það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði fimmtdaginn 5. september n.k. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu málá í samræmi við 4. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.


Tillagan samþykkt samhljóða.

25) Minnispunktar bæjarstjóra.

- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
- Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að ráða byggingarfulltrúa í verktöku í tæknideildina.
- Bæjarstjóri sagði frá því að forstöðumaður Félags- og skólapjónustu Snæfellinga hefur sagt upp störfum og gert er ráð fyrir að hann hætti 1. september.
- Bæjarstjóri sagði frá því að loksins er komið greiðslukerfi í gang í salernisgámnum á Arnarstapa.
- Bæjarstjóri sagði frá erindi sem hann fékk frá aðila sem hefur áhuga á að eignast og varðveita gamla REO Speedwagon slökkvibílinn. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að semja við þennan aðila um eignarhald á slökkvibílum.
- Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsyfirlit stofnana.
- Bæjarstjóri sagði frá ERRO listaverkinu. Flísarnar eru komnar til landsins og verða settar á vegg í næstu viku.
- Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum við leikskólanum sem ganga vel.
- Bæjarstjóri sagði frá því að framkvæmd kosninganna gekk vel hér.
- Bæjarstjóri sagði frá því að íbúafjöldinn í Snæfellsbæ er kominn í 1721 úr 1684 um áramótin.
- Bæjarstjóri sagðir frá því að Kubbur ehf. tók við sorpmálunum í Snæfellsbæ um mánaðarmótin. Breytingar í sorpmálum verða kynntar mjög ítarlega fyrir íbúum mjög fljótegla.
- Næstu fundir bæjarráðs verða 20. júní, 4. júlí, 18. júlí, 15. ágúst og 29. ágúst.

AB *KJ*


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:17



Björn H. Hilmarsson



Júníana Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszuk


Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævars dóttir


Jón Bjarki Jónatansson


Fríða Sveinsdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari